

Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins



Vetrarstarf hestamannafélagsins Skagfirðings var í blóma 2017-2018. Áfram var haldið með kennslu á þremur stöðum, Hofi á Höfðaströnd, Varmalæk II og reiðhöllinni Svaðastaðir á Sauðárkróki. Hentar þetta fyrirkomulag vel og hefur aukið fjölda þáttakenda í vetrarstarfinu þar sem ekki þarf að keyra langar vegalengdir með hross og menn.

Æskulýðsstarfið hefur boðið upp á fjölbreytt námskeið og viðburði yfir vetrarmánuðina og hefur það verið vel sótt.

Í nóvember fengum við heimsókn frá fimleikakrökkum í hestamannafélaginu Þyt á Hvammstanga.

Um 40 krakkar byrjuðu á að hittast í íþróttahúsinu í Varmahlíð föstudaginn 2.nóvember þar sem farið var yfir framhald námskeiðsins. Krakkarnir gerðu ýmsar liðkandi-, jafnvægis æfingar og farið var í skemmtilega leiki. Eftir það var kvöldvaka og borðað saman.



Á laugardeginum var svo mætt kl 10:00 í reiðhöllina Svaðastaðir á Sauðárkróki. Fyrst var smá sýnikennsla á hesti þar sem farið var yfir nokkrar æfingar og síðan fengu krakkarnir að prófa. Einnig var tréhestur sem börnin gátu leikið sér á og æft þar til röðin kom að þeim að fara á hestinn.





Krakkarnir höfðu mjög gaman af þessari nýbreytni og gaman að fá að sjá og kynnst starfi í öðrum hestamannafélögum og styrkir það samskiptin á milli félaga.



Vetrarstarfið - Námskeið

Um 70 börn tóku þátt í reiðnámskeiðum á vegum hestamannafélagsins, ýmist í reiðhöllinni á Sauðárkróki, Hofi á Höfðaströnd og Varmalæk. Vetrarstarfið var með hefðbundnu sniði, boðið var upp á kennslu í knapamerki á virkum dögum eða hestaleikjanámskeið um helgar eins og hefð er fyrir. Auk þess var starfandi öflug unglingadeild og keppnisnámskeið í boði.

Knapamerki

Í janúar hófst kennsla í knapamerki 1, 2 og 3 á Sauðárkróki og Varmalæk.

Á Sauðárkróki var kennt tvisvar í viku og voru kennd knapamerki 1,2 og 3. Í mars voru sex sem luku prófi í knapamerki 1 með sóma. Knapamerki 2 hófst svo strax að loknu prófi og tóku þau próf í maí með frábærum árangri. Knapamerki 3 var kennt allan veturinn, þáttakendur voru fimm.

Á Varmalæk var kennsla í knapamerki 1 og 2, þar luku fjórir knapamerki 1 og sjö knapamerki 2.

Kennarar á Sauðárkróki og Hofi voru Elín Rós Sverrisdóttir, Skapti Ragnar Skaptason, Helga Rósa Pálsdóttir og Jóhanna Heiða Friðriksdóttir sem er með starfandi reiðskóla á Varmalæk og kennir þar alla virka daga.







Hestaleikjanámskeið hófst 13.janúar.

Kennt var sex helgar á Sauðárkróki þar sem þáttakendur voru 21 og á Hofi þar sem þáttakendur voru 9.

Á helgarnámskeiðunum var lögð áhersla á kennslu í gegnum leik og gleði. Farið var í ýmsa leiki, eltingaleik á hestum, lagðar þrautabrautir þar sem ýmis verkefni voru leyst, boðhlaup og fleira ásamt því að farið var yfir umhirðu hesta og borið var á hnakka og beisli.

Kennarar voru Elín Rós Sverrisdóttir og Helga Rósa Pálsdóttir.



Keppnisþjálfun

Keppnisþjálfun hófst 5.febrúar og var annan hvern mánudag fram á vor. Þáttakendur voru 10 og voru aðaláherslurnar undirbúningur fyrir mót.

Eins og áður þá erum við ekkert að breyta því sem gott er og fengum aftur þá mögnuðu hestamenn Þorstein Björnsson og Þórarinn Eymundsson sem eru með ómælda reynslu í kennslu til liðs við okkur.

Í apríl tóku við æfingar fyrir þá sem stefndu á landsmót, sem þeir sáu um. Farið var markvisst yfir það keppnisprógram sem átti að keppa í. Þorsteinn og Þórarinn fylgdu svo börnunum alla leið í hringinn á landsmóti. Það var mjög gaman að sjá hve mikið krakkarnir eflust með þessari þjálfun.

Páskaleikar

Haldnir voru páskaleikar annan í páskum. Áhersla var á að krakkarnir skreyttu hesta sína og færu í búninga eða skreyttu sjálfa sig. Mikið var lagt í búninga og skreytingar þetta árið og voru veitt verðlaun fyrir frumlegasta búninginn, flottasta parið, best skreytta hestinn og besta búninginn. Allir fengu svo að lokum þátttökuverðlaun.

Skipt var í tvo flokka, þá sem gátu riðið sjálf, sem voru 11 krakkar og svo teymingarhóp sem voru 9.

Leikarnir voru styrktir af FREYJU sem gaf páskaegg í verðlaun.





Firmamót

Á sumardaginn fyrsta fór fram firmamót Skagfirðings og var m.a keppt í pollaflokk og barnaflokk auk fullorðinsflokka. Börn og pollar sem tóku þátt voru 8 og fengu fallega verðlaunapeninga og bikara sem var afhent á kaffihlaðborði eftir mótið. Firmamótið var fyrsta útimót sumarsins og gaman að sjá krakkana njóta sín ekki síður úti sem inni.



Sameiginlegur dagur var haldinn 29.apríl. Þar komu saman krakkarnir sem hafa verið á námskeiðunum í vetur og var mætt án hesta og farið í hina ýmsu leiki. Vel var mætt um 50 – 60 manns, börn, foreldrar og kennarar mættu og skemmtu sér vel. Eftir leikjadaginn var grillað og veittar þátttöku viðurkenningar fyrir afrakstur vetrarins. Að þessu sinni voru þau leyst út með veglegum töskum sem voru fullar af kömbum og burstum til að pússa hestinn sinn.



Unglingadeildin

Unglingadeildin starfaði mikið þetta árið. Unglingadeildin sem telur 22 unglinga hefur verið starfræk í tvö ár og er helsta markmiðið að fá ungt hestafólk í firðinum til að kynnast og taka þátt í félagsmálum og viðburðum á vegum félagsins. Hún stóð vaktina á hinum ýmsum mótum, ýmist í sjoppurekstri, ritarar hjá dómurum eða sessuleigu á Meistaradeild KS. Í þessum verkefnum sem þau tóku að sér mátti sjá þróðleikann og dugnaðinn skína frá þeim og eru félaginu okkar til mikilla sóma.

Styrkur

Á dögnum hlaut æskulýðsdeildin styrk úr Menningarsjóð KS. Styrkurinn nýtist ekki bara vel heldur er stór viðurkenning á því starfi sem við stöndum að. Hann kemur til með að efla og auka fjölbreytni í starfinu hjá okkur.

Æskulýðsdeildin þakkar öllum þeim sem hafa komið að starfinu á einhvern hátt fyrir þeirra aðstoð og áhuga sem er ómetanleg. Án þessarar aðstoðar væri ekki hægt að halda uppi svona öflugum starfi.



Fyrir hönd æskulýðsdeildar Skagfirðings

Helga Rósa Pálsdóttir

Þórarinn Eymundsson

Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

Jóhanna Heiða Friðriksdóttir

Sara Gísladóttir

Steindóra Ólöf Haraldsdóttir

Hafdís Arnardóttir